



Reykjavík, 10. ágúst 2021

R19100342

**Efni: Umsögn fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um tillögu stýrihóps um innleiðingu íbúaráða**

Fjölmeningarráð styður áframhaldandi verkefni um eflingu íbúalýðræðisins með þessum hætti. Mikilvægt er að heyra fleiri og fjölbreyttari raddir og hefur slemmbíval reynst vel við að opna fyrir þátttöku fólks sem væri að öðru leyti ólíklegra til að taka þátt í slíkum verkefnum. Nauðsynlegt er að halda hins vegar áfram að efla sérstaklega þátttöku íbúa Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna og styrkja samtalið við þá. Til þess þarf að kynna íbúaráðin og miðla upplýsingum um verkefni þeirra bæði á fleiri tungumálum og með fjölbreyttari samskiptaleiðum. Mælt er með að nýta bæði samtal við fjölmeningarráðið og einnig verkefni á borð við sendiherraverkefnið sem Þjónustumiðstöð Breiðholts heldur utan um.

Fulltrúar fjölmeningarráðs benda sérstaklega á mikilvægi þess að styrkja fulltrúa foreldra í ráðunum í sínu hlutverki, þetta gæti verið í forni fræðslu til þeirra um fjölbreyttari leiðir til að ná til foreldra af erlendum uppruna í þeirra heimaskólum og virkja þá í foreldrastarfinu.